


Akureyri 9.mars 2023

Til skipulagsráðs Akureyarbæjar

Bréf þetta er ritað í framhaldi af samtali við skipulagsfulltrúa, Pétur Inga Haraldsson.

Ég undirritaður bý á Skólastíg 11, rétt við Íþróttahöllina, það er í sjálfu sér ágætt, en því fylgir eitt erfitt vandamál. Bílastæðið milli hallarinnar og Brekkuskóla er mikið notað, einkum eftir áramótin því bæjarbúar eru duglegir að fara í ræktina og er það ágætt, en ef ég kem heim til mín um eða eftir kl 5 er það undir hælinn lagt hvort ég fái stæði fyrir bílinn, þar sem einnig stæðin meðfram götunni framan við íbúðarhúsin eru þá gjarnan upptekin, Stundum hef ég þá lagt á stæðið sunnan Íþróttahallarinnar sem viðist minna eftirsótt en önnur, þar með talin götustæðin, en stundum er ekki annað stæði að finna en sunnan við Heimavist MA og VMA, en það er spölkorn að heiman og þar liggur vandinn þar sem ég er ekki lengur mikill göngugarpur. Á s.l. tveimur árum hef ég fengið ígrædda tvo gerviliði í mjöðm og hné og því væri æskilegt að geta lagt bílnum heima hjá mér. Ég er þó ekki svo aumur að fara fram á stæði fyrir fatlaða, en ég óska eftir að götustæðin framan við Skólastíg 7 til 13 verði merkt sem íbúastæði og vona ég að þeirri ósk verði vel tekið af ykkur.

M.b.k.



Björn Sigurðsson 091246-4069

Skólastíg 11

Akureyri